

Kæru vinir Múlakots,

Mér finnst þakkir eiga skilið allir þeir sem hafa hlúð að og stutt endurreisn gamla bæjarins í Múlakoti – þessu merkilega býli sem á stað í hjarta allra þeirra sem hafa upplifað komur hingað fyrr og síðar. Og gott að vita að Múlakot á framtíð og endurnýjun lífdaga fyrir komandi kynslóðir.

Lára í Múlakoti

Mín fyrsta minning af Múlakoti er þegar ég var um það bil þriggja ára gömul og var á ferð með mömmu og pabba. Mér er minnstætt að ég fór á hestbak í fyrsta sinn og var lyft uppá hestinn Mósa sem Jón Ingi, þá í Fljótsdal, átti og man að ég horfði á fætur mínar liggja beina ofan á breiðu baki hestsins. Þetta var nýtt ævintýri fyrir mig og mér hefur alltaf verið hlýtt til hesta síðan.

Átta ára fékk ég að vera í Múlakoti hjá Láru í viku eða tíu daga og það var heilmikil upplifun. Þar voru þau Reynir, Lillý og Fjóla börn Óla og Láru. Það var svo gaman að heimsækja stelpurnar því þær voru svo tónelskar og spiluðu á gítar, harmonikku og orgel. Þær spiluðu klassíska tónlist og áttu alla danslagatexta sem komu út á þeim tíma, íslensk jafnt sem erlend lög. Svo áttu þær grammófón með lúðri sem vakti mikla gleði. Óli var músikalskur og elskaði að syngja og stjórnaði kór í sveitinni.

Bróðir Láru, afi minn, Guðmundur, var í karlakórnum Þröstum og fór með kórin oft en einu sinni í heimsókn í Múlakot og tók mömmu mína, þá litla stelpu, með. Þá hitti mamma Soffu, mömmu hennar Hrefnu og hans Þrastar, sem var alin upp í Múlkoti hjá Túbal og Guðbjörgu, og þær voru vinkonur allar götur síðan. Soffa í Deild eins og hún var kölluð í seinni tíð, var sú sem Lára treysti best til að hugsa um Fjólu þegar hún brá sér af bæ enda var hún með afbrigðum barngóð og bæði börn og unglingar hændust að henni og ég var engin undantekning.

Guðbjörg var enn á lífi í þessari vist minni í Múlakoti og var hún orðin nokkuð gömul. Hún virtist fremur alvarleg en var alltaf að. Hún var svipmikil og orðin frekar horuð. Það sem mér fannst eftirtektarvert var hvað hún borðaði mikið af jurtum og grænmeti sem hún saxaði með sérstöku bognu saxi sem hún hafði til þess. Hún var að sjálfsögðu mikill garðyrkjumaður og þekkti jurtirnar og kunni að nota.

Ég lærði seinna að hún var magaveik og notaði jurtir sér til heilsubótar á tíma þegar Íslendingar settu sér lítið grænmeti til munns, hún var í mörgu á undan sínum tíma. Það voru falleg og sterkleg brekán á öllum rúmum sem hún hafði ofið. Þau setti mikinn svip á allar vistarverur heimilisins.

Eitt sinn vorum við að ganga saman yfir hlaðið en þá var gripahús þar nærri sem í var stórt mannýgt naut sem átti víst að farga og ég spurði Guðbjörgu: “Á að drepa nautið?”

Hún hallaði sér að mér og hvíslaði: “Ekki tala svo dýrin heyri.”

Lára var fædd í Reykjavík, 1. apríl 1902, og var dóttir Guðnýjar Aradóttur frá Stapakoti í Njarðvík og Eyjólf Ófeigssonar trésmiðs, frá Nesjum í Grafningi, þau bjuggu á Hverfisgötu 60. Hún var yngst af fimm systkinum, Guðmundi, Ófeigi Viggó, Sigurlaugu og Ara. Þessi börn voru öll með afbrigðum myndarleg, dugmikil með einstaklega hressilegt viðmót. Þetta fólk og afkomendur þess voru alltaf í uppáhaldi á mínu heimili.

Þegar Lára er 13 ára deyr faðir hennar og fjölskyldan leysist upp, Ófeigur Viggó og Ari eru sendir að Guðnabakka í Borgarfirði þar sem Ari reynir ítrekað að strjúka en Viggó sér alltaf við

honum. Sigurlaug er send í Norðurbæinn í Hvammi á Landi. Guðmundur tók Láru og móður sína til sín í Gerðið, hús sem hann átti í Hafnarfirði, þar sem Lára verður sérlega vinsæl hjá ungu stúlkunum þar sem vildu ganga í augun á afa, Englinum í Einarsbúð. Amma hafði vinninginn í þeirri samkeppni.

Á tvítugsaldri fer Lára kaupakona að Árkvörn í Fljótshlíð.

Á myndum má sjá að hún var mjög falleg og myndarleg ung stúlka og ekki að undra að Óli hafi hrifist af henni. Þau giftu sig 1924.

Eitt sinn þegar ég spurði Láru hvað væri það skemmtilegasta sem hún hafði upplifað sagði hún mér að brúðkaupsferð þeirra Óla á hestum inni Þósmörk hefði verið sá viðburður. Það kom fjarlægur glampi í augu hennar þegar hún leit til baka liðna tíð.

Þær urðu ekki margar skemmtiferðirnar hennar Láru – en, þegar hún fór til Reykjavíkur í stuttar ferðir að vetri til, oft til augnlæknis, lét hún eftir sér öðru hvoru að fara í leikhús.

Múlakot var heimur útaf fyrir sig þar sem allir voru velkomnir, gátu notið og farið síðan til síns heima. Þar var fegurð, skemmtilegheit, matur og rúm – góður félagsskapur, allt sem þarf í gott ferðalag. Hvort sem það var dagsferð eða lengri viðkoma. Heimilisfólkið var allt manneskjur sem settu sannarlega svip á bæinn og gerðu þennann heim að einstökum og dásamlegum heimi.

Án Láru hefði þetta ekki verið mögulegt, hún vann þreytulaust frá morgni til kvölds – alltaf fyrst á fætur og síðust í rúmið á kvöldin. Hún hélt sig til baka leyfði öðrum að láta ljós sitt skína og vildi að öllum liði vel.

Börnin þrjú, þeirra Ólafs og Láru, Reynir, Lilja og Fjóla, öll nöfn af trjám og blómum sem voru, að sjálfsgöðu, í hávegum höfð á þessum bæ, voru meira og minna fötluð. Það bar ekki á því fyrr en um tveggja ára aldur – þá fór að koma í ljós að þau voru ekki að þroskast á eðlilegan hátt. Reynir var einna best á sig kominn, en það vantaði eitthvað uppá.

Lillý og Fjóla voru alltaf barnalegar og gátu aldrei lifað sjálfstæðu lífi. En þessi börn fengu mikla ást og umhyggju og þau voru líka gleðigjafar, börn hændust að þeim og fundu í þeim skemmtilega leikfélaga og ómetanlega vini. Kímnigáfa var þeim í blóð borin og létti líf allra til muna.

Afi minn, Guðmundur elsti bróðir Láru vildi að þau fengju að læra, en til þess hefði þurft að senda þau í burtu, en Lára var því mótfallin og vildi ekki af þeim sjá. Það var meiri vanþekking á þörfum fólks með þroskahömlun þá. Með tímanum hefur meðhöndlun þeirra breyst mikið til batnaðar.

Ég hygg að ákvörðun Láru, á þeim tíma, um að hafa þau öll heima, hafi verið sú rétta. Börnin þrjú fengu heimakennslu og nutu áfram ástar, umhyggju og nærveru fjölskyldu sinnar og vina. Þau undu glöð við sitt í Múlakoti.

Þegar maður talar um Láru, þá er eins og allir aðrir fái athyglina það er erfitt að einblína á hana ef svo má segja – hún var ekki manneskja sem heimtaði sviðsljósið. Hún gerði bara ALLT og sá um að allir aðrir gætu notið sín.

Lára sveif yfir gólf, líkt og japönsk geisha í fullum skrúða, í stuttum hröðum skrefum frá einum stað í annan, upp og niður stiga og þar sem hún fór ómaði gjallandi rödd hennar og stundum hlátur og svo var hún horfin.

Í eldhúsinu sló hjarta Múlakots og þar var Lára í aðalhlutverki alltaf með tvær eldavélar í takinu, stóran pott fullann af sjóðandi vatni tilbúinn til að laga kaffi allann sólarhringinn og

mat fyrir gesti og gangandi auk heimilisfólksins. Það voru bakaðar Kleinur, pönnukökur, jólakökur, og margt fleira, allt gert í stórum stíl og allt hvarf eins og döggr fyrir sólu. Það er ekki hægt að tala um Láru og eldhúsið og ekki minnst á Nínu, sem stóð þétt við hlið Láru og var næstum eins þýðingamikill hluti af Múlakoti eins og húsbóndinn sjálfur. Hún var lág vexti, með greindarleg brún augu og ég sé hana fyrir mér í vaskahúsinu næstum eins og furðuveru - óljósa í rísandi gufu-kófi yfir stórum sjóðandi pottum. Mjallhvíti ilmandi þvotturinn í hjallinum var hennar og þegar ég var kaupakona í Múlakoti átti ég heiðurinn af að rulla þennan fína þvott. Það var talað um að Nína hefði verið svikin í ástum - þrátt fyrir að vera einkar sorglegt fannst mér, sem ekki var búin að upplifa ástina nema að litlu leyti, þetta afar rómantískt og mikið til þess koma.

Lára gekk iðulega með langa þykka fléttu niður á bak, nema þegar hún fór í kaupstað þá klæddist hún upp hlut eða peysufötum og hafði fléttur tvær eins og venja var, en yfir daginn trosnaði dálítið dökkt liðað hár úr fléttunni og rammaði andlit hennar. Hún var vel gerð manneskja bæði utan sem innan og og sjálf gerði hún ekki mannámun en henni var sérlega hlýtt til þeirra sem voru góðir við börnin hennar.

Maðurinn minn spurði mig hvort ég héldi að Láru hefði fundist henni troðið um tær. Ég verð að svara að ég held ekki – hún tók lífinu með jafnaðargeði og kvartaði aldrei og talaði aldrei illa um fólk, þvert á móti sá Lára alltaf það besta í öðrum.

Þegar hún lét orð falla í minn garð var það alltaf eitthvað sem var uppörvandi sem ég gat tekið í veganesti sem ung stúlka út í lífið og ég stend í þakkarskuld við hana. Allar stúlkurnar sem komu kaupakonur til hennar hafa borið henni vel söguna og ótvírætt lært eitthvað ómetanlegt af þessari sterku og gjöfulu konu.

Lára þjáðist af Gláku og eftir því sem hún eltist minnkaði sjónin. Lengi vel lét hún sem ekkert væri og hélt áfram að sinna Múlakoti. Hún hélt áfram að vera á þönum og af því að hún þekkti hvern krók og kima á bænum tókst þetta furðu vel, en oft brá hún fyrir sér höndinni þegar hún kom frá gamla bænum in eldhúsið því þar var frekar dimmt. En fætturnir þekktu veginn og svo framarlega sem hlutirnir voru á sínum stað gat hún bjargað sér.

Láru nafnið kemur af lárviði og merkir SIGURVEGARA. Í mínum augum og þeim sem þekktu Láru fyrr og síðar var hún það, SIGURVEGARI. Nafn hennar lifir áfram hinum megin við Eyjafjallajökul þar sem dóttir mín og dóttur-dóttir bera báðar nafnið hennar “Lára.”

Þetta skrifaði Óli:

Til Láru

Ég þakka þér, vina, þetta ár
og ég þakka þér alla daga.

Ég veit ég hef þér vökvað brár
og verið þér oft til бага.

En þú kannst að gleyma og græða sár
og gleðja og prýða og laga. Ó.T.

Þrátt fyrir mótlæti var engin lognmolla í kotinu, það var eins og allur heimurinn vildi hittast og njóta lífsins í Múlakoti – það var spilað og sungið og sveitungar nær og fjær létu sjá sig bæði ungir og gamlir og oft var farið í garðhúsið ævintýrlega þar sem reyni-tré óx inni og þar var

kveikt á kerti þegar dimma fór og fjörinu haldið uppi með gítarleik og gamni.
Og auðvitað ljósin kveikt í garðinum eins og nú og ég man þegar ég kvaddi ung stúlka á leið til
framandi landa og horfði út um afturrúðuna á marglitu ljósin í trjánum hverfa sýn, hugsaði ég
með mér að þessu, og þessum stað skyldi ég aldrei gleyma.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir

2017